

9. mars 2017

Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2016

Quarterly national accounts, 4th quarter 2016

Hagvöxtur á fjórða ársfjórðungi
var 11,3%

Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2016 jókst að raungildi um 11,3% frá sama ársfjórðungi fyrra árs en það er mesta aukning sem mælst hefur frá því á 4. ársfjórðungi 2007. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 8,4%. Einkaneysla jókst um 7,2%, samneysla um 1,7% og fjárfesting um 18,6%. Útflutningur jókst um 14% á sama tíma og innflutningur jókst um 8,8%.

Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla jókst um 2,6% milli 3. og 4. ársfjórðungs 2016. Þar af jókst einkaneysla um 2,5%, samneysla um 0,4%, fjárfesting um 4,3%, útflutningur um 2,7% og innflutningur um 0,7%.

Tafla 1. Yfirlit
Table 1. Overview


	Verðlag ársins, millj. kr. Current prices, million ISK	Magnbreyting frá fyrra ári, % Volume change from previous year, %		Magnbreyting frá fyrrri ársfjórðungi, % ¹ Volume change from previous quarter, % ¹		
		4. ársfj. 4th quarter	1st-4th quarter		3. ársfj. 3rd quarter	4. ársfj. 4th quarter
			4. ársfj. 4th quarter	1st-4th quarter		
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	326.499	7,2	6,9	0,6	2,5	
Samneysla <i>Government final consumption</i>	149.170	1,7	1,5	0,4	0,4	
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	137.873	18,6	22,7	1,1	4,3	
Birgðabreytingar ² <i>Changes in inventories²</i>	-5.158	0,1	-0,1	
Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expendit.</i>	608.385	8,4	8,7	1,1	1,5	
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	276.933	14,0	11,1	4,8	2,7	
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Imports of goods and services</i>	-246.795	8,8	14,7	-1,6	0,7	
Verg landsframleiðsla GDP	638.522	11,3	7,2	4,5	2,6	

¹ Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*

² Hlutfallstölur sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

Mynd 1. Landsframleiðsla, magnbreyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs

Figure 1. GDP, volume change over same quarter, previous year




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015–2016. Preliminary figures 2015–2016.

Framsetning talna

Í þeim tilvikum þar sem fjallað er um breytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga er miðað við árstíðaleiðréttar tölur, en að öðrum kosti er miðað við óárstíðaleiðréttar tölur og eru breytingarnar raunbreytingar.

Mynd 2. Ársfjórðungsleg magnbreyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt

Figure 2. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015–2016. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. Preliminary figures 2015–2016. Change from the previous quarter.


Mikill vöxtur einkaneyslu

Einkaneysla á 4. ársfjórðungi 2016 jókst um 7,2% að raungildi borið saman við 4. ársfjórðung 2015. Þetta er mesti vöxtur einkaneyslu síðan á 1. ársfjórðungi 2008 að 2. ársfjórðungi 2016 undanskildum. Á föstu verðlagi hefur einkaneysla aldrei verið hærri síðan ársfjórðungsmælingar hófust. Milli 3. og 4. ársfjórðungs 2016 jókst einkaneysla um 2,5%.

<i>Samneysla eykst hóflega</i>	Samneysla jókst um 1,7% að raungildi á 4. ársfjórðungi 2016 borið saman við sama tímabil árið áður. Samneysla jókst um 0,4% frá 3. til 4. ársfjórðungs 2016. Niðurstöður um fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2016 verða birtar í Hagtíðindum 15. mars 2017.
<i>Mikil aukning íbúðafjárfestingar</i>	Fjárfesting á 4. ársfjórðungi 2016 jókst um 18,6% að raungildi borið saman við 4. ársfjórðung árið áður. Vöxtinn má að mestu rekja til íbúðafjárfestingar sem jókst um 70,9%. Á sama tíma jókst fjárfesting atvinnuvega um 11,5% og fjárfesting hins opinbera um 2,1%. Inn- og útflutningur skipa og flugvéla kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu ársins ýmist til hækkunar eða lækkunar. Þessi stærð skiptir oft sköpum varðandi heildarfjárhæðir í fjárfestingu og utanríkisviðskiptum en áhrif á landsframleiðslu eru aftur á móti lítil sem engin þar sem fjárfestingaráhrifin vega á móti áhrifum á utanríkisviðskiptin. Að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfesting um 20,2% og fjárfesting alls um 25,3% borið saman við sama ársfjórðung árið á undan. Fjárfesting jókst um 4,3% á 4. ársfjórðungi borið saman við 3. ársfjórðung 2016. Þar af jókst íbúðafjárfesting um 29,4% og fjárfesting hins opinbera um 0,1%. Hinsvegar dróst fjárfesting atvinnuvega saman um 0,2%.
<i>Birgðir dragast saman</i>	Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 4. ársfjórðungi 2016 minnkuðu birgðir um 5,2 milljarða króna á verðlagi ársins og munar þar mestu um 2,9 milljarða króna samdrátt í birgðum sjávarafurða og 2 milljarða króna samdrátt í birgðum kísiljárns og rekstrarvöru.
<i>Landsframleiðsla eykst umfram þjóðarútgjöld</i>	Þjóðarútgjöld jukust um 8,4% að raungildi á 4. ársfjórðungi borið saman við 4. ársfjórðung 2015 sem má rekja til aukinnar fjárfestingar og einkaneyslu. Frá 3. ársfjórðungi til 4. ársfjórðungs 2016 jukust þjóðarútgjöld um 1,5%.
<i>Mikil aukning í þjónustuútflutningi</i>	Útflutningur á 4. ársfjórðungi 2016 jókst um 14% að raungildi borið saman við 4. ársfjórðung 2015. Þar af jókst vöruútflutningur um 4,2% en þjónustuútflutningur um 25,8%. Á sama tíma jókst innflutningur um 8,8%. Þjónustuinflutningur jókst um 15,8% og vöruinnflutningur um 4,6%. Landsframleiðslan jókst því meira en sem nam vexti þjóðarútgjalda, eða um 11,3% samanborið við 8,4% aukningu þjóðarútgjalda. Aukning var í inn- og útflutningi milli 3. og 4. ársfjórðungs 2016. Útflutningur jókst um 2,7% og innflutningur um 0,7%.
<i>Hlutdeild einstakra liða í hagvexti</i>	Helstu drifkraftar hagvaxtar milli 4. ársfjórðungs 2015 og 2016 eru fjármunamyndun og einkaneysla ásamt utanríkisviðskiptum. Mynd 3 sýnir hlutdeild einstakra liða í hagvexti frá sama ársfjórðungi fyrra árs.

Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 3. Contributions to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur. Breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs. Preliminary figures. Change over same quarter, previous year.

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum


Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var 30,1 milljarður króna á 4. ársfjórðungi 2016, en það er mun hærri fjárhæð en á sama tímabili árið áður (8,5 milljarðar króna á verðlagi þess árs). Vöruskiptajöfnuður var neikvæður um 13,3 milljarða króna. Vöruútflutningur nam 134,4 milljörðum króna og vöruinnflutningur nam 147,7 milljörðum króna. Á sama tíma var þjónustujöfnuðurinn jákvæður um 43,4 milljarða króna. Útflutningur á þjónustu nam 142,5 milljörðum króna og innflutningur á þjónustu nam 99,1 milljarði króna.

Hagþróun erlendis

Í helstu viðskiptalöndum Íslands var árstíðaleiðrétt ársbreyting landsframleiðslunnar á 4. ársfjórðungi mest í Hollandi 2,7%. Í Svíþjóð var hagvöxtur 4,5%, Bretlandi 2,0%, Danmörku 1,9%, Bandaríkjunum 1,9%, Noregi, 1,9%, Þýskalandi 1,8%, Japan 1,6%, Finnland 1,3% og Frakklandi 1,2%.

Mynd 4. Árstíðaleiðréttur ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum

Figure 4. Quarterly growth rates of GDP in selected countries, seasonally adjusted



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015–2016. Ársbreyting eftir ársfjórðungum. Preliminary figures 2015–2016. Change over same quarter, previous year.

Heimild Source: Efnahags- og framfarastofnunin. OECD.

Vöxtur á árinu 2016

Landsframleiðsla á árinu 2016 nam 2.422 milljörðum króna borið saman við 2.214 milljarða króna árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðsla að raungildi um 7,2% á árinu 2016. Nánar má lesa um árið 2016 í heild í Hagtíðindum *Landsframleiðslan 2016, bráðabirgðatölur*.

Árstíðaleiðrétting

Með árstíðaleiðréttingu á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs og milli samliggjandi ársfjórðunga.

Hagstofan árstíðaleiðréttir ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðréttingu eru undirliðir (einkaneysla, samneysla o.s.frv.) árstíðaleiðréttir og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu).

Niðurstöður fyrir árin 2015–2016 eru bráðabirgðatölur sem taka breytingum eftir því sem ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir. Slíkar breytingar hafa að sjálfsögðu einnig áhrif á árstíðaleiðréttu niðurstöðurnar.

Ýtarleg sundurliðun er birt á vefnum

Ýtarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu má finna á [vef Hagstofunnar](#). Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti með árið 2005 sem viðmiðunarár.

Tölur um landsframleiðslu á 1. ársfjórðungi 2017 verða birtar í Hagtíðindum 8. júní 2017.

English summary

Non-seasonally adjusted figures indicate a year over year increase in real GDP by 11.3% for the 4th quarter of 2016. Total domestic expenditure increased by 8.4%. Household final consumption increased by 7.2%, government final consumption by 1.7% and gross fixed capital formation by 18.6%. At the same time exports grew by 14% and imports by 8.8%.

Gross fixed capital formation figures indicate a year over year increase of 18.6%, led by a 70.9% increase in residential construction investment. Business sector investment increased by 11.5% and government investment increased by 2.1%.

Seasonally adjusted GDP in the 4th quarter of 2016 increased by 2.6% from the previous quarter. Total domestic final expenditure increased by 1.5%. Household final consumption increased by 2.5%, government final consumption by 0.4% and gross fixed capital formation increased by 4.3%. Exports increased by 2.7% and imports by 0.7% in the 4th quarter of 2016 as compared with the 3rd quarter of 2016.

For the year 2016, GDP increased by 7.2% in real terms.

National accounts for the 1st quarter of 2017 will be published on the 8th of June 2017.

Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2012–2016*Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2012–2016*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Govemm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Verðlag hvers árs, milljónir króna								
<i>Million ISK at current prices</i>								
2012	949.676	436.303	284.506	1.800	1.672.286	1.013.269	-907.056	1.778.499
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	223.364	104.490	71.801	19.361	419.016	226.371	-212.384	433.003
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	240.096	110.065	76.665	-11.152	415.675	258.739	-244.386	430.028
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	228.499	107.238	66.103	-68	401.772	284.788	-225.922	460.638
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	257.716	114.510	69.938	-6.341	435.822	243.371	-224.364	454.830
2013	989.680	459.221	296.849	-4.953	1.740.798	1.047.908	-897.464	1.891.242
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	234.364	110.566	66.393	13.950	425.273	238.019	-208.044	455.248
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	247.141	116.144	77.689	-3.680	437.294	248.528	-227.360	458.462
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	238.619	112.643	74.455	-5.479	420.238	303.350	-231.578	492.010
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	269.556	119.869	78.311	-9.744	457.992	258.011	-230.481	485.522
2014	1.047.951	484.850	345.682	2.045	1.880.529	1.068.320	-942.907	2.005.942
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	244.468	115.666	80.370	287	440.791	221.535	-209.681	452.645
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	262.873	121.966	77.406	2.046	464.291	254.705	-236.229	482.767
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	252.553	120.038	98.803	-2.309	469.085	325.779	-257.323	537.541
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	288.056	127.180	89.103	2.022	506.361	266.301	-239.673	532.989
2015¹	1.102.371	522.636	418.974	3.489	2.047.470	1.188.745	-1.022.129	2.214.086
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	256.040	123.743	97.188	15.245	492.217	262.588	-235.772	519.032
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	277.109	128.573	100.562	-3.652	502.591	319.940	-270.767	551.764
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	263.358	129.322	103.752	-1.374	495.059	338.632	-256.483	577.207
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	305.865	140.998	117.471	-6.730	557.604	267.586	-259.107	566.083
2016¹	1.187.098	559.169	514.388	2.468	2.263.123	1.189.270	-1.030.434	2.421.959
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	277.501	132.703	118.955	14.359	543.518	244.328	-240.862	546.984
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	302.896	139.367	130.860	-9.130	563.993	303.685	-278.281	589.397
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	280.203	137.928	126.700	2.396	547.227	364.324	-264.496	647.055
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	326.499	149.170	137.873	-5.158	608.385	276.933	-246.795	638.522

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2012–2016

Table 3. Quarterly Gross Domestic Product volume changes 2012–2016

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Govemm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar ¹ <i>Changes in inventory¹</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raubreytingar frá sama tímabili árið áður, %								
<i>Volume changes on the same quarter of the previous year, %</i>								
2012	2,0	-1,8	5,3	0,0	1,5	3,6	4,6	1,2
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,4	-2,8	31,4	0,5	5,6	5,6	10,5	3,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	2,5	-2,5	20,4	-1,5	2,2	6,5	13,1	-0,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,8	-1,5	-0,0	0,8	1,2	3,3	3,7	1,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,3	-0,6	-19,3	0,2	-2,5	-0,6	-7,0	0,6
2013	1,0	1,0	2,2	-0,5	0,7	6,7	0,1	4,4
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,2	1,8	-12,7	-1,7	-3,1	3,7	-5,7	1,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,6	1,8	2,7	1,8	3,4	2,8	-1,8	5,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,2	0,2	9,4	-1,1	1,3	8,5	1,5	5,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,0	0,3	11,0	-0,9	1,4	11,3	6,4	4,4
2014	2,9	1,7	16,0	0,4	5,2	3,2	9,8	1,9
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,1	1,5	20,9	-3,0	1,9	3,6	11,0	-1,1
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,8	1,4	-2,3	1,3	3,3	5,0	6,9	2,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,7	2,3	33,1	0,7	8,0	6,3	14,1	3,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,8	1,7	14,2	2,4	7,8	-2,6	7,2	2,5
2015²	4,3	1,0	17,8	0,0	5,9	9,2	13,5	4,1
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	3,6	1,1	17,9	3,2	8,8	4,9	13,9	4,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	4,1	1,0	25,4	-1,1	5,7	16,4	15,1	6,9
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	3,7	0,4	1,7	0,0	2,4	4,8	5,2	2,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	5,7	1,3	29,0	-1,7	6,9	11,1	20,4	2,9
2016²	6,9	1,5	22,7	-0,1	8,7	11,1	14,7	7,2
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,9	0,8	23,0	-0,1	8,2	6,4	15,5	4,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	7,7	1,7	28,9	-1,0	9,1	5,8	17,1	3,5
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	5,7	1,8	20,9	0,7	8,9	17,0	17,7	9,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,2	1,7	18,6	0,1	8,4	14,0	8,8	11,3

¹ Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutföll af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

² Bráðabirgðatölur. *Preliminary data.*

Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2012–2016, árstíðaleiðréttTable 4. *Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2012–2016*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, %							
<i>Percentage change on the previous quarter</i>							
2012							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,4	-1,5	-7,1	-0,8	-1,9	-2,5	-0,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,8	-0,1	-2,4	-0,8	1,1	1,3	-0,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,2	0,8	-7,6	-0,4	4,4	-2,8	3,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,9	0,2	-3,9	-0,8	-5,1	-3,3	-2,0
2013							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,3	0,4	-0,2	-0,9	5,3	-0,7	2,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,2	0,2	14,6	3,7	-0,7	5,1	0,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,4	-0,3	-6,4	-1,8	4,9	0,7	0,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	-0,1	0,5	3,6	1,2	4,1	1,1	2,8
2014							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,9	1,0	8,1	0,9	-3,6	4,0	-3,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,1	0,3	-6,4	1,7	-0,7	1,1	0,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,5	0,6	27,9	4,5	6,0	7,3	4,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,0	-0,1	-12,2	-0,7	-2,7	-5,2	0,3
2015¹							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,8	0,4	11,5	1,7	4,5	10,5	-0,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,3	0,0	-0,4	0,5	7,5	2,2	3,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,5	0,2	6,2	1,9	-4,2	-1,9	0,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,8	0,6	8,9	2,7	2,0	9,0	-0,7
2016¹							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,9	0,2	6,3	3,0	3,2	5,8	1,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,9	0,7	4,8	1,9	4,2	3,7	2,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,6	0,4	1,1	1,1	4,8	-1,6	4,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	2,5	0,4	4,3	1,5	2,7	0,7	2,6

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2012–2016

Table 5. Contribution to growth 2012–2016

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Government final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Birgða- breytingar <i>Changes in inventory</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Hlutdeild í hagvexti frá fyrra ársfjórðungi, %							
<i>% points contributions to growth in GDP from previous quarter</i>							
2012							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,4	0,2	-1,2	0,8	1,1	-2,0	-0,7
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,4	-0,0	-0,4	-0,7	0,6	-0,6	-0,7
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	-0,1	0,2	-1,3	0,8	2,6	1,4	3,6
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,5	0,1	-0,6	-0,6	-3,0	1,6	-2,0
2013							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,1	0,7	-0,0	-0,8	2,0	-0,4	2,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	-0,1	0,0	2,1	1,2	-0,4	-2,4	0,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,7	-0,1	-1,1	-1,2	2,8	-0,3	0,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	-0,0	0,1	0,6	0,4	2,4	-0,6	2,8
2014							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,1	0,8	1,3	-0,8	-5,0	-0,4	-3,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,6	0,1	-1,1	1,9	-0,4	-0,6	0,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,3	0,1	4,5	-0,7	3,4	-3,7	4,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,5	-0,0	-2,5	1,1	-1,6	2,7	0,3
2015¹							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	-0,2	0,0	1,3	-0,8	-0,4	-0,8	-0,8
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,7	0,0	-0,1	-0,2	4,1	-1,1	3,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,8	0,0	1,1	-0,1	-2,4	1,0	0,4
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,0	0,1	1,7	-0,2	1,1	-4,4	-0,7
2016¹							
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	0,4	-0,0	0,6	0,5	-1,2	1,6	1,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	1,0	0,2	1,1	-0,4	2,4	-2,1	2,2
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	0,3	0,1	0,3	0,2	2,8	0,9	4,5
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,3	0,1	0,9	-0,9	1,6	-0,4	2,6

Skýring Note: Miðað er við árstíðaleiðréttar tölur. *Calculated from seasonally adjusted series.*

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2012–2016, árstíðaleiðrétt
 Table 6. *Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2012–2016*

	Einkaneysla <i>Household final consumption</i>	Samneysla <i>Governm. final consumption</i>	Fjármuna- myndun <i>Gross fixed capital formation</i>	Þjóðar- útgjöld <i>National Expenditure</i>	Út- flutningur <i>Exports</i>	Inn- flutningur <i>Imports</i>	Verg lands- framleiðsla <i>GDP</i>
Raubreyting frá sama tímabili árið áður, %							
<i>Volume change on the same quarter of the previous year, %</i>							
2012	2,0	-1,8	5,3	1,5	3,6	4,6	1,2
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,7	-2,7	28,2	5,1	5,0	10,6	2,5
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	2,1	-2,4	19,7	3,1	6,2	13,0	0,4
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,3	-1,6	1,8	0,9	5,2	3,7	2,0
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	1,9	-0,7	-19,5	-2,8	-1,7	-7,2	0,0
2013	1,0	1,0	2,2	0,7	6,7	0,1	4,4
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	1,2	1,3	-12,2	-2,5	5,3	-5,4	3,4
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	0,2	1,6	3,2	2,0	3,3	-1,7	4,6
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	1,8	0,5	9,1	1,2	4,4	1,7	2,8
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	0,8	0,7	10,8	2,1	14,1	6,2	6,8
2014	2,9	1,7	16,0	5,2	3,2	9,8	1,9
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	2,0	1,3	20,0	4,0	4,4	11,3	1,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,3	1,4	-1,9	1,9	4,4	7,0	1,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	2,5	2,3	34,0	8,5	5,5	14,0	4,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	3,6	1,8	13,5	6,5	-1,4	6,9	1,6
2015¹	4,3	1,0	17,8	5,9	9,2	13,5	4,1
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	3,5	1,2	17,1	7,3	6,9	13,7	3,9
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	3,7	1,0	24,7	6,1	15,7	15,0	7,0
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	4,6	0,5	3,6	3,4	4,6	5,1	3,3
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	5,5	1,2	28,5	7,0	9,7	20,8	2,2
2016¹	6,9	1,5	22,7	8,7	11,1	14,7	7,2
1. ársfj. <i>1st quarter</i>	6,7	0,9	22,4	8,3	8,5	15,6	5,0
2. ársfj. <i>2nd quarter</i>	7,4	1,6	28,8	9,7	5,2	17,2	3,8
3. ársfj. <i>3rd quarter</i>	6,4	1,8	22,7	8,9	15,1	17,6	8,1
4. ársfj. <i>4th quarter</i>	7,1	1,6	17,5	7,7	15,9	8,7	11,7

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtíðindi **Þjóðhagsreikningar**
Statistical Series ***National accounts***

102. árg. • 4. tbl.

ISSN 1670-4770

9. mars 2017

Umsjón *Supervision* Jón Ævarr Sigurbjörnsson • jon.sigurbjornsson@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

www.hagstofa.is www.statice.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.